

## Fundargerð aðalfundar 2011

Aðalfundur Landskerfis bókasafna hf. fyrir árið 2011 var haldinn í Höfðatúni 2 í Reykjavík, 25. maí 2011 kl. 15:00. Mættir voru fulltrúar 6 hluthafa sem eiga samanlagt 76,71% hlutfjár og lögðu þeir fram umboð sín. Löglega var til fundarins boðað. Fundurinn kaus Erlu S. Árnadóttur, hrl., fundarstjóra og Huldu Björk Þorkelsdóttur, Reykjanesbæ, ritara.


Dagskrá fundarins var skv. samþykktum félagsins og voru mál tekin fyrir sem hér segir:


1. Árni Sigurjónsson, stjórnarformaður, flutti skýrslu stjórnar um starfsemi undanfarið árs.
2. Sveinbjörg Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri, lagði fram ársreikning fyrirtækisins. Ársreikningurinn var samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.
3. Lagt var til að í stað „Tilgangur félagsins er að reka sameiginlegt upplýsinga- og skráningarkerfi fyrir bókasöfn á Íslandi og veita bókasöfnum landsins sérfræðipjónustu í bókasafnsfræðum.“ í 3. gr. samþykka standi framvegis „Tilgangur félagsins er að reka upplýsinga- og skráningarkerfi fyrir bókasöfn og eftir atvikum önnur söfn á Íslandi og veita þeim tengda sérfræðipjónustu.“ Tillagan var samþykkt.
4. Fram kom tillaga um eftirfarandi aðalmenn og varamenn í stjórn félagsins og að endurskoðandi yrði endurkjörinn, og var sjálfkjörið í allar þessar stöður. Þær eru því skipaðar svo:
  - Anna Torfadóttir ( kt. 250149-6549), stjórnarmaður.
  - Árni Sigurjónsson (kt. 281255-3399), stjórnarmaður.
  - Karl Guðmundsson (kt. 161153-4519), stjórnarmaður.
  - Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir (kt. 130255-2059) stjórnarmaður.
  - Hulda Björk Þorkelsdóttir (kt. 211248-4169), varamaður í stjórn.
  - Eiríkur Þorláksson (kt. 301153-7169), varamaður í stjórn.
  - Ríkisendurskoðun, endurskoðandi.
5. Lagt var til að hagnaður af rekstri ársins 2010 gangi til uppbyggingar og eflingar félagsins, eins og ráð er fyrir gert í samþykktum þess og var það samþykkt.
6. Lögð var fram tillaga um að þóknun til stjórnarmanna frá aðalfundi 2011 til aðalfundar 2012 verði óbreytt, eða kr. 20.000 á mánuði en stjórnarformaður fái tvöfalda þá upphæð. Þá var lagt til að Ríkisendurskoðun yrði greitt skv. reikningi. Tillagan var samþykkt samhljóða.
7. Önnur mál.

Hrafn Harðarson, Kópavogi, spyr hvort einhver markaðssetning sé í gangi til að fá inn fleiri hluthafa og hvort það hafi í för með sér lækkun á gjöldum þeirra hluthafa sem fyrir eru. Árni og Sveinbjörg svara því til að málið sé enn á tilraunastigi en ljóst að gera verður þjónustusamninga við nýja aðila. Umræða um framhaldsskólasöfnin sem eru ekki í Gegni, Blindrabókasafn og Ríkisútvarpið.

Fundurinn fól fundarritara og fundarstjóra að ganga frá fundargerð fundarins.

Fundi var slitið kl. 15:55.

  
Erla S. Árnadóttir

  
Hulda Björk Þorkelsdóttir